

59  
30. júní

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Grenivík, 15. febrúar 1926.

*V. Karólína Guðmundsdóttir.      Árni Jóhannesson.*

Vjer undirritaðir: Ástvaldur M. Jónsson, kennari við barnaskólann í Grenivík, Þórður Gunnarsson, hreppstjóri Grýtubakkahrepps, og Björn Jóhannsson, oddviti Grýtubakkahrepps, lýsum hjermeð yfir því, að vjer munum takast á hendur störf þau, sem framanrituð skipulagsskrá leggur oss á herðar.

*Þórður Gunnarsson,      Björn Jóhannsson,      Ástvaldur Jónsson.*

60  
7. júlí

## REGLUGJÖRÐ

um

### meðferð og notkun rafmagns á Sauðárkróki.

1. gr.

Hreppsnefnd hefir á hendi yfirstjórn rafveitunnar. Hún kys 3 menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn. Þó gengur einn maður úr nefndinni árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Eru nefndarmenn skyldir til að vinna endurgjaldslaut að nefndarstörfum, en enginn er skyldur til að taka endurkosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn, og hann hefir setið í nefndinni. Rafveitunefnd kys sjer formann, fjehirði og ritara, ræður starfsmenn við rafveituna og ákveður kaup þeirra.

2. gr.

Rafveitan á Sauðárkróki selur rafmagn, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugjörð þessari, á því svæði, sem hjer segir: Að sunnan frá Grænuklauf og norður á móts við nyrðra horn á Gránuklauf og alt kaптúnið innan þessara takmarka.

3. gr.

Rafmagnið er einkum ætlað til lýsingar, þó má rafveitunefndin selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

## 4. gr.

Rekstrartími stöðvarinnar er frá 15. ágúst til 1. maí, fyrst um sinn, og má ekki taka strauminn af, nema brýn nauðsyn beri til, og svo stuttan tíma sem unt er.

60

7. júlí

## 5. gr.

Aðalálmur og húsaálmur leggur rafveitan á sinn kostnað. Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með leyfi hreppsnefndar.

## 6. gr.

Rafveitan hefir einkasölu á öllum raftækjum til ljósa, hitunar og iðnaðar, á rafveitusvæðinu.

## 7. gr.

Hver, sem óskar að fá hús sitt raflagt, eða breytt eldri raflagningu, skal senda formanni rafveitunefndar skriflega beiðni um það, með upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann óskar að fá, ásamt öðrum upplýsingum, nauðsynlegum fyrir raflagninguna og ákveður nefndin því næst, hvort lagningin eða breytingin skuli leyfð. Umsækjanda sje tilkynntur úrskurður nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en þrem vikum eftir að nefndin fjekk umsóknina.

## 8. gr.

Húsveitur skal gera á kostnað húseiganda af löggiltum rafvirkja. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hefir löggilt til þess, má framkvæma slíkt verk eða breyta neinu, er rafveitunni tilheyrir, innanhúss eða utan.

## 9. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í húsið, eða breytt eldri raflýsingu, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyr en rafveitunefnd hefir látið skoða hana og úrskurðað hana gilda.

## 10. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæli, er rafveitan selur eða útvegar; þó getur rafveitunefnd selt ljós án straummæla, og greiðist gjald fyrir það eftir gjaldskrá rafveitunnar.

## 11. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar, nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemduð á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í

- 60** húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða  
 7. júlí fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögunum.

#### 12. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unt, að innleiðsla hans sje jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi, þannig, að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum, t. d. að öryggi hrökkvi sundur, eða bilun sjáist á einangrun á leiðslum, svo að leiðslur haldi ekki rafmagnsstraumnum og orsaki jarðsamband, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það rafveitunefnd. Varast skal að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

#### 13. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem eftir álitni hennar eru ótrygg eða til tálmunar á góðum rekstri.

#### 14. gr.

Rafveitunefndin skal jafnan hafa frjálsan aðgang þar, sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um, að alt sje í góðu lagi.

#### 15. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglugjörð þessari, eða virðir að vettugi fyrirskipanir rafveitunefndar, skal henni heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu, með samþykki hreppsnefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

#### 16. gr.

Rafveitunefnd skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar, sjá um, að jafnan sje til nægilegt efni til reksturs o. s. frv. Hún skal halda bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning miðaðan við áramót, skal hún semja fyrir 1. mars ár hvert og afhenda hann hreppsnefndinni, sem kýs tvo menn til að endurskoða reikninginn og úrskurðar hann síðan.

#### 17. gr.

Hrökkvi tekjur rafstöðvarinnar ekki fyrir kostnaði, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

## 18. gr.

60

7. júlí

Hreppsnefnd semur, í samráði við rafveitunefnd, gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis atvinnumálaráðuneytisins á henni.

## 19. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugjörðar þessarar, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðuneytisins.

## 20. gr.

Reglugjörð þessari og einnig gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

## 21. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 200 kr., nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renni í sveitarsjóð Sauðárkrókshrepps.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. ágúst 1926 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*

## GJALDSKRÁ

61

7. júlí

fyrir

**rafveitu Sauðárkróks.**

## 1. gr.

Hver húseigandi eða umboðsmaður hans, svo og þeir leigjendur, er hafa sjerstakan mæli fyrir sig, greiði fast rafveitugjald þannig:

Fyrir eitt lampastæði 10 — tíu — krónur á ári, og fyrir hvert lampastæði umfram það 3.20 — þrjár krónur og 20 aura — á ári. Fyrir hverja kilowattstund, sem eytt er, greiðist 80 — áttatíu — aurar. Gjald þetta má hækka eða lækka, eftir því sem rafstöðin ber sig, um alt að 25%.